

Minnispunktur

vegna fundar með fjárlaganefnd 16.10.2015

Almenningssamgöngur.

Landshlutasamtök sveitarfélaga tóku að sér rekstur almenningssamgangna á landsbyggðinni með samningum við Vegagerðina frá ársbyrjun 2012 og til ársloka 2018. Akveðið var að fela landshlutasamtökunum þetta verkefni til að efla almenningssamgöngur, bæta og þróa þjónustu og koma á heildstæðu þjónustukerfi. Horft var til þess að gamla sérleyfakerfið hafði gefist afar illa.

Mikil umfjöllun um rekstur almenningssamgangna á nýliðnum aðalfundi Eyþings sbr. ályktun fundarins en þar segir m.a.:

„Aðalfundur Eyþings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, **leggur áherslu á mikilvægi góðra almenningssamgangna til að jafna búsetuskilyrði á svæði Eyþings og tengja íbúa þess við önnur landssvæði.** Brýnt er að þegar í stað verði ráðist í nauðsynlegar breytingar til að tryggja rekstrargrundvöll verkefnisins. **Áframhaldandi hallarekstur á verkefninu er óásættanlegur.**

Fundurinn lítur svo á að forsendubrestur hafi orðið frá yfirtöku verkefnisins; lækkun á endurgreiðslu olíugjalds, einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum ekki virt og framlag ríkisins ekki í samræmi við umfang samgöngukerfis milli þéttbýlisstaða á svæðinu og út af því. Fundurinn gerir kröfu um **að grunnframlag og þróunarstyrkur til verkefnisins verði hækkað**, lagalegu umhverfi almenningssamgangna verði breytt til að tryggja einkaleyfið og tekur undir ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þess efnis frá 2. og 3. október sl..“

Þrátt fyrir fyrrnefnda samninga og mikla áherslu á almenningssamgöngur í samgönguáætlun og víðar hafa fjárveitingar þróast með eftirfarandi hætti (til sérleyfa og ferja):

Almennt fjárveiting	Þróunarstyrkur
2013: 1.495,0 mkr.	99,6 mkr.
2014: 1.480,1 mkr.	91,4 mkr.
2015: 1.457,9 mkr. auk 40 mkr. viðbótar vegna Vestmannaeyja	89,5 mkr.
2016: 1445,8 mkr.	88,8 mkr.

Ath. að þróunarstyrkurinn nemur 10% af milljarðs samningnum við höfuðborgarsvæðið til almenningssamgangna (996,0 – 914,0 – 895,7 – 888,4 mkr.).

Samandregið:

Almenn ánægja er með heildstætt kerfi. Gulu/bláu vagnarnir komnir með mjög sterka ímynd. Þjónustukönnun gefur mjög jákvæða niðurstöðu fyrir landsbyggðarstrætó en verkefnið er ekki rekstrarhæft vegna ónógrar og skertrar fjárveitingar og óviðunandi lagaumhverfis.

Samningar um sóknaráætlanir landshluta 2015 -2019.

Mikið framfaraspor og stórt hagsmunamál. Samningarnir taka yfir fyrri vaxtar- og menningarsamninga og sóknaráætlunarverkefni (áhersluverkefni).

Samningsupphæð rennur annars vegar í uppbyggingarsjóði (í stað vaxtar- og menningarsamninga og hins vegar í áhersluverkefni skv. ákvörðun stjórna landshlutasamtakanna.

Fjárveiting kemur annars vegar um atvinnumála- og nýsköpunarráðuneyti og hins vegar mennta og menningarmálaráðuneyti og eru þær fjárveitingar áætlaðar óbreyttar milli ára 2015 og 2016.

Þá er sérstök fjárveiting til sóknaráætlunar (áhersluverkefni) á fjárlögum. Sú upphæð er 145 mkr. á fjárlögum 2016, var 100 mkr. 2015 og 2014 en var 400 mkr. árið 2013.

Mikill fjöldi umsókna barst í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra um metnaðarfull verkefni bæði á sviði menningar og atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Mjög áhugaverð og mikilvæg verkefni eru að fara af stað sem áhersluverkefni og sem byggja á sóknaráætlum landshlutans sem unnin var sl. vor.

Mikil áhersla á að þessi farvegur í byggðapróun verði eflur og fjárveitingar auknar verulega.

LME og PÞJ